

Ed.

340. Nefndarálit

[63. mál]

um frv. til lánsfjárlaga fyrir árið 1988.

Frá meiri hl. fjárhags- og viðskiptanefndar.

Frumvarp til lánsfjárlaga fyrir árið 1988 var lagt fram í októbermánuði sl. Nefndin hefur fjallað um frumvarpið og henni borist margháttuð gögn og erindi. Jafnframt hefur nefndin kallað fyrir ýmsa aðila sem málið varðar.

Í frumvarpinu er heildarfjáröflun til opinberra aðila, fjárfestingarlánasjóða og atvinnufyrirtækja áætluð 20 250 millj. kr. Þar af er ráðgert að afla 12 250 millj. kr. innan lands og 8000 millj. kr. erlendis.

Í meðförum nefndarinnar eru á þessu stigi boðaðar nokkrar breytingar frá upphaflegu frumvarpi. Heildarlánsfjárráðstöfun hækkar um 369 millj. kr., erlendar lántökur um 469 millj. kr. en innlendar lántökur lækka um 100 millj. kr. Skal nú gerð stutt grein fyrir þeim breytingum sem meiri hl. leggur til.

Í frumvarpinu voru lántökuheimildir sveitarfélaga áætlaðar alls 350 millj. kr., þar af var 212 millj. kr. ekki skipt á einstakar hitaveitur vegna ónógra upplýsinga. Miðað var við að afla 100 millj. kr. innan lands og 112 millj. kr. erlendis. Hér er gert ráð fyrir að þessum liðum verði ráðstafað þannig:

1. Hitaveita Suðurnesja 150 millj. kr.
2. Hitaveita Siglufjarðar 20 millj. kr.

3. Hitaveita Rangæinga 10,5 millj. kr.
4. Fjarhitun Vestmannaeyja 45 millj. kr.
5. Aðrar framkvæmdir eða skuldbreytingar 30 millj. kr.

Lántökur sveitarfélaganna nema samkvæmt þessu alls 394 millj. kr., og er allt það fé tekið að láni erlendis.

Bygðastofnun er veitt viðbótarheimild til erlendra lántöku að fjárhæð 200 millj. kr. vegna lánveitinga til viðgerða og endurbóta á skipum innan lands eins og verið hefur. Er þetta gert til að jafna þann aðstöðumun sem innlendar skipasmíðastöðvar búa við samanborið við erlenda aðila.

Tekin er inn 100 millj. kr. heimild vegna Breiðafjarðarferju en smíði hennar er í fullum gangi og var gengið frá smíðasamningi við Þorgeir og Ellert hf. á Akranesi fyrr á þessu ári. Ráðgert er að ferjan verði afhent seinni hluta árs 1988 eða snemma á árinu þar á eftir.

Pá eru gerðar margvíslegar breytingar á II. kafla frumvarpsins vegna breytinga í meðförum Alþingis og ríkisstjórnar á frumvarpi til fjárlaga. Framlag til Iðnlánasjóðs verður 25 millj. kr., framlag til jarðræktar hækkar úr 100 millj. kr. í 141 millj. kr., vegna búfjárræktarlaga 9 millj. kr. og skil á tekjum til Jöfnunarsjóðs sveitarfélaga hækka úr 1485 millj. kr. í 1585 millj. kr. Pá er fellt út skerðingarákvæði um framlag til vegamála. Að lokum er tekin inn ný grein sem heimilar landbúnaðarráðherra að innheimta gjald af sláturleyfum til greiðslu kostnaðar sem af kjötmati leiðir.

Bætt er inn í frumvarpið heimildargreinum sem gera Landsvirkjun og Framkvæmdasjóði Íslands kleift að nýta sér hagstæð lánskjör á erlendum lánamörkuðum. Er þetta nauðsynleg heimild fyrir þá sem skulda stórar upphæðir erlendis enda þarf ávallt að hafa vakandi auga með markaðnum og bregðast skjótt við og eftir aðstæðum.

Bætt er inn heimild fyrir ríkissjóð til að hafa milligöngu um 160 millj. kr. erlent lán fyrir Rafmagnsveitur ríkisins, en fyrirtækið þurfti að taka bráðabirgðalán í Landsbankanum fyrr á þessu ári til að greiða vanskil frá fyrri árum.

Að lokum er tekin inn heimild fyrir fjármálaráðherra til að semja við Hitaveitu Suðureyrar, Hitaveitu Rangæinga og Hitaveitu Siglufjarðar um nauðsynlegar ráðstafanir til að bæta fjárhag veitnanna í framtíðinni.

Alþingi, 17. des. 1987.

Halldór Blöndal,
form., frsm.

Ey. Kon. Jónsson,
fundaskr.

Jóhann Einvarðsson.

Eiður Guðnason.

Valgerður Sverrisdóttir.

Fylgiskjal I.

Heildaryfirlit um innlendar og erlendar lántökur 1988.

	Sala spari- skrifteina	Verðbréfa- kaup bankakerfis	Verðbréfa- kaup líf.sjóða	Önnur innlend lántaka	Innlend lántaka alls	Erlend lán	Heildar- lántökur
I. Opnberir aðilar	3 000	1 200	—	—	4 200	1 044	5 244
Ríkissjóður, A-hluti	3 000	1 200	—	—	4 200	—	4 200
Fyrirtæki með eignaraðild ríkissjóðs	—	—	—	—	—	650	650
Sveitarfélög	—	—	—	—	—	394	394
II. Opnberar lánastofnanir	—	280	6 110	300	6 690	550	7 240
Byggingarsjóður ríkisins	—	—	4 750	50	4 800	—	4 800
Byggingarsjóður verkamanna	—	—	1 360	—	1 360	—	1 360
Bygðastofnun, almennar lánveitingar	—	—	—	250	250	350	600
Bygðastofnun, innlend skipasmíði	—	—	—	—	—	200	200
Framkvæmdasjóður	—	280	—	—	280	—	280
III. Atvinnufyrirtæki og sjóðir	—	—	60	1 200	1 260	6 875	8 135
Atvinnufyrirtæki	—	—	—	—	—	4 800	4 800
Herjólfur hf. Vestmannaeyjum	—	—	—	—	—	125*)	125
Flóabáturinn Baldur hf.	—	—	—	—	—	100	100
Fiskveidasjóður, greiðsluhalli	—	—	—	150	150	150	300
Fiskveidasjóður, lán	—	—	—	250	250	350	600
Íðnlánasjóður	—	—	—	300	300	400	700
Íðnþróunarsjóður	—	—	—	50	50	100	150
Stofnlánadeild landbúnaðarins	—	—	60	—	60	—	60
Útflutningsláнасjóður	—	—	—	50	50	50	100
Fjármögnunarleigur	—	—	—	400	400	800	1 200
Heildarlántökur (I+II+III)	3 000	1 480	6 170	1 500	12 150	8 469	20 619

*) Þar af 25 m.kr. ónotuð heimild í ár sem verður nýtt á árinu 1988.

Heimild: Fjárlaga- og hagsýslustofnun.

Fylgiskjal II.

Lánsfjárráðstöfun opinberra aðila 1987 og 1988.

	Endurskoðuð áætlun 1987	Frumvarp til lánsfjárl. 1988	Till. meiri hl. 1988
1. Ríkissjóður, A-hluti	6 960	4 200	4 200
Par af endurlánað til B-hluta	1 620	1 635	1 635
Lánasjóður íslenskra námsmanna	800	690	690
RARÍK, almennar framkvæmdir	300	125	125
Flugstöð á Keflavíkurlflugvelli	520	820	820
Par af endurlánað til atvinnufyrirtækja	215	—	—
Togarinn Merkúr	180	—	—
Baldur hf. Stykkishólmi	35	—	—
2. Ríkissjóður, B-hluti	955	—	—
Póst- og símamálastofnunin	170	—	—
Síldarverksmiðjur ríkisins	105	—	—
Flugstöð Keflavík	680	—	—
3. Fyrirtæki með eignaraðild ríkissjóðs	570	650	650
Landsvirkjun	470	600	600
Próunarfélag Íslands	100	50	50
4. Sveitarfélög	520	350	394
Hitaveita Akureyrar	373*)	120	120
Hitaveita Egilsstaða og Fella	9	8	8
Hitaveita Siglufjarðar	12	—	20
Hitaveita Hveragerðis	45	—	—
Hitaveita Eyrar	3	10	10
Hitaveita Rangæinga	—	—	11
Hitaveita Suðurnesja	—	—	150
Fjarhitun Vestmannaeyja	—	—	45
Annað	78	212	30
5. Ráðstöfun (1+...+4) = fjáröflun (6+7)	9 005	5 200	5 244
6. Innlend fjáröflun	5 560	4 300	4 200
Útgáfa spariskírteina	1 500	3 000	3 000
Verðbréfa kaup lífeyrissjóða	800	—	—
Verðbréfa kaup bankakerfis	1 716	1 200	1 200
Seðlabanki Íslands, vegna Útvegsbanka	864	—	—
Bankakerfið, flugstöð í Keflavík	680	—	—
Önnur innlend fjáröflun	—	100	—
7. Erlendar lántökur	3 445	900	1 044
Ríkissjóður, A-hluti	2 080	—	—
Ríkissjóður, B-hluti	275	—	—
Fyrirtæki með eignaraðild ríkissjóðs	570	650	650
Sveitarfélög	520*)	250	394

*) Skuldbreyting erlendra skammtímalána Hitaveitu Akureyrar 373 m.kr.
Heimild: Fjárlaga- og hagsýslustofnun.